

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Stykkishólmsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Helgafellssveit myndi eina almannavarnanefnd og hafi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Aagot Óskarsdóttir.